

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001 frá 30. mars 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB frá 7. nóvember 2000 um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE og 93/22/EBE að því er varðar skipti á upplýsingum við þriðju lönd⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), lið 12a (tilskipun ráðsins 92/96/EBE), 30. lið (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) og lið 30b (tilskipun ráðsins 93/22/EBE) í IX. viðauka við samninginn á undan aðlögunartextanum:

„- **32000 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB frá 7. nóvember 2000 (Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 158, 14.6.2001, bls. 59 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 14.6.2001, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.